

[TAUGASÁLFRÆÐINGUR] [GUÐRÍN SOFFÍA]

JJ: Nú, í síðasta þinghaldi þá nefndir þú [að systurdóttir Katrínar] hefði svarað svokölluðum IQ code gátlista, "The informant questionnaire on cognitive decline in the elderly". Ég bað þig um að koma með fyrir dóminn mína sex eintök af þessum gátlista á íslensku ...

MKJ: Já.

JJ: ... til sýningar?

MKJ: Ég er með það hérna. Hérna er það. (gátlistanum dreift til dómenda og lögmanna)

JJ: Nú, er rétt skilið hjá mér að próftaki, í þessu tilviki systurdóttir Katrínar, hafi svarað þessum spurningalista í tvígang?

MKJ: Já, það er rétt.

JJ: Fyrst 9. desember 2009 og svo 6. janúar 2011?

MKJ: Já.

JJ: Er rétt að próftakinn dragi þá hring utan um það svar sem hann telur réttast og lýsa best ástandi viðkomandi?

MKJ: Já.

JJ: Mætti ég biðja þig um að fara yfir þessar spurningar, miðað við niðurstöður 9. desember 2009 og greina dómnum frá því hvernig stefnda Guðrín Soffía svaraði?

MKJ: Já. Þarna 2009 þá ..., á ég að lesa eða hvernig, eða bara segja fyrsta spurn ...

JJ: Fyrst að við erum öll með listann, þá er í raun nóg bara að svara, svörin já.

MKJ: Það er fyrsta spurning, það er mun verr og það er verið að miða við tíu ár. Það er mun verr. Önnur spurning, mun verr. Þriðja, mun verr. Fjórða, ekki mikil breyting. Fimmta, aðeins verr. Sex og sjö eru báðar mun verr. Og svo eru það átta, níu og tíu, það er aðeins verr, það eru þarna þrjár í röð. Og svo er númer ellefu, aðeins verr. Tólf, mun verr. Þrettán, ekki mikil breyting. Fjórtán, aðeins verr. Fimmtán, mun verr og sextán, mun verr.

JJ: Og þessar niðurstöður gáfu þá meðaltalssvörin 4,37?

MKJ: Já.

JJ: Og þú sagðir síðast að það væri mjög mikil skerðing?

MKJ: Já, það er almennt talið það. Eða sko það er kannski ekki, maður talar yfirleitt ekki um skerðingu, það er verið að, það er mjög mikil versnun frá því sem áður var.

JJ: Og versnun þá á þessum prófþáttum?

MKJ: Miðað við tíu ár ...

JJ: Sem spurningarnar lúta að?

MKJ: Já.

JJ: Nú, síðan þegar hún svaraði þessum gátlista þá 6. janúar 2011, hvernig voru svörin þá og þá er hún að svara breytingu á einu ári?

MKJ: Já.

JJ: Er það rétt?

MKJ: Já, á einu ári. Og þá er þetta mjög svipað, sem sagt það er, þá er það sem sagt fyrsta spurningin er mun verr og þá er það sem sagt miðað við eitt ár. Önnur spurningin, mun verr. Þriðja, mun verr. Fjórtá, ekki mikil breyting. Fimm, aðeins verr. Sjötta, ekki mikil breyting. Sjö og átta, aðeins verr. Níu og tíu, mun verr bæði. Ellefu, ekki mikil breyting. Tólf, mun verr. Þrettán, aðeins verr. Og síðustu þrjár, fjórtán, fimmtán, sextán, eru mun verr.

JJ: Þú verður að fyrirgefa Maria, ég skil ekki alveg, sko þetta orð, mjög mikil skerðing, geturðu útskýrt hvað felst í þessu?

MKJ: Ja, það er ...

JJ: Skerðing á hverju?

MKJ: Ja, eða versnun.

JJ: Já.

MKJ: Það er verið að biðja, vegna þess að sko, til, eins og við vorum að tala um áðan, þá þarf greining á heilabilun að fela í sér að um sé að ræða mikla versnun í fierni í daglegu lífi. Eða þessi, þessi hugræna skerðing sem er komin fram eða versnun, að hún komi líka fram í athöfnum daglegs lífs og í hinu daglega lífi. Og þá þarf álit aðstandanda, og þetta er svona leið til þess að að fá það fram, að hann er beðinn um að tjá sig um ástandið núna miðað við fyrir tíu árum og í okkar tilviki líka fyrir einu ári. Og þá er verið að tala um að þarna sé sem sagt mikil versnun þegar þú miðar við hvernig hún var fyrir tíu árum síðan, í að muna hluti um fjölskylduna, að rifja upp samtal og svp framvegis.

JJ: Mhm.

MKJ: Ég get ekki útskýrt þetta öðruvísi.

JJ: Er á einhvern hátt hægt að bera saman þessa IQ code lista og MMSE próf, skimunarprófið, þjóna þau að einhverju leyti sama markmiði eða eru þau lík að einhverju leyti eða mæla þau sömu hluti?

MKJ: Sko, ég get svarað þessu alveg fyrir mín taugasálfræðilegu próf, þau próf sem ég legg fyrir, ég legg ekki fyrir almenn MMSE. Og ég man bara grein ... alls ekki einhverja fylgni þar á milli, en þegar taugasálfræðileg próf eru lögð fyrir eins og minnispróf, það sem við köllum stýring, hugsanahraði og ýmislegt annað, að þá er frammistaðan